

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 150 29. mars 1978.

*Samgönguráuneytið, 14. febrúar 1979.*

**Ragnar Arnalds.**

*Ólafur S. Valdimarsson.*

8. febrúar 1979.

Nr. 102.

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um holræsi og holræsagjald fyrir  
Flateyrarkauptún nr. 98 5. mars 1974.**

1. gr.

6. gr. orðist svo:

Kostnaður við aðalholræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði, en til að standast þann kostnað er húseigendum, er hús eiga við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, skylt að greiða árlega holræsagjald, sem nemur 0.32% af fasteignamatsverði húsa og lóða, eins og gjaldstofn er á hverjum tíma. Lágmarksgjald skal þó vera kr. 5 000 á hverja íbúð.

Undanþága frá greiðslu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu holræsagjalds. Gjald þetta getur sveitarstjórn hækkað um allt að 50% án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Flateyrarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 8. febrúar 1979.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.*

8. febrúar 1979.

Nr. 103.

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð fyrir vatnsveitu  
Flateyrarhrepps nr. 108 5. mars 1974.**

1. gr.

7. gr. orðist svo:

Af öllum íbúðarhúsum í Flateyrarhreppi, sem tengd eru vatnsveitu hreppsins, skal greiða árlegan vatnsskatt, er nemi 0.4% af fasteignamatsverði húsa og lóða, eins og gjaldstofn er á hverjum tíma. Vatnsskattur skal þó aldrei vera lægri en kr. 5 000 á hverja húseign eða sjálfstæða íbúðarstærð. Sé íbúð eigi virt fasteignamatsvirðingu skal greiða vatnsskatt samkvæmt lágmarksákvæðum þessarar greinar.

Undanþága frá greiðslu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu vatnsskatts.

## 2. gr.

8. gr. orðist svo:

Af öðrum húsum, sem nota vatn til annarra þarf en heimilisnotkunar, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, svo sem verksmiðjur, þvottahús, iðnfyrirtæki, gistihús, frystihús, verbúðir, bensínafgreiðslur, þvottaplön, o. fl. skal greiða vatnsskatt, er nemi 0.4% af fasteignamatsverði húsa og lóða, eins og gjaldstofn er á hverjum tíma. Þó aldrei minna en kr. 7 500 af hverri húseign. Auk þess er hreppsnefnd heimilt að láta þvottaplön, sem rekin eru til þvotta á bifreiðum t. d. í sambandi við eldsneytissölu greiða kr. 25 000 á ári fyrir vatnsnotin.

## 3. gr.

1. og 2. mgr. 9. gr. orðist svo:

Hreppsnefnd er heimilt að setja upp vatnsmæla hjá þeim fyrirtækjum eða einstaklingum, sem nota mikið vatn, og skal þá greiða kr. 24.90 fyrir hverja smálest miðað við byggingarvísitölu tímabilið 1. júlí—30. sept. 1978. Gjaldið hækki ársfjórðungslega skv. byggingarvísitölu hverju sinni.

Ársleiga fyrir hvern mæli skal vera kr. 8 500, sem hækki eftir byggingarvísitölu. Húseigandi ber kostnað af uppsetningu mælis, auk 2 500 kr. stofngjalds. Upphæð mælaleigu er miðuð við byggingarvísitölu 1.1. 1979.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Flateyrrar-hrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 8. febrúar 1979.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## HÚSAGERÐARSAMÞYKKT

fyrir Búnaðarsamband Suður-Þingeyinga.

Búnaðarsamband Suður-Þingeyinga gerir, á grundvelli laga nr. 7 frá 12. janúar 1945, svofellda húsagerðarsamþykkt.

### I. KAFLI

#### Takmörk samþykktarsvæðis og markmið samþykktar.

##### 1. gr.

Samþykktarsvæðið nær yfir eftirtalin búnaðarfélög á starfssvæði Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga: Búnaðarfélag Hálsahrepps, Búnaðarfélag Suður-Fnjóskdæla, Búnaðarfélag Ljósavatnshrepps, Búnaðarfélag Bárðdæla, Búnaðarfélag Skútu-staðahrepps, Búnaðarfélag Reykdæla, Búnaðarfélag Laxdæla, Búnaðarfélagið Ófeig, Reykjahverfi, Búnaðarfélag Aðaldæla og Búnaðarfélag Tjörnesinga.

##### 2. gr.

Markmið samþykktarinnar er að greiða fyrir húsabótum og öðrum byggingarfrankvæmdum hjá félagsmönnum á samþykktarsvæðinu og stuðla að því að bændur geti komið sér upp svo vönduðum, hagkvæmum og ódýrum húsum sem kostur er á.